

C

Q

T

F

5. tbl.
19. árg.
desember
2001



Viðgerð fór fram á Force 12 loftneti ÍRA fyrir nokkru. Hér er verið að setja það upp aftur. Myndina tók TF3VS

Í þessu blaði:

Frá Ritstjóra	2
Frá formanni	3
Tölvur og fjarskipti	4
QRP	6
Frá gjaldkera	7
NRAU fundur	7
Útvarp Akureyri	8
Flatey EU-168.....	10
Keppni/Contest.....	12
IARU Region 3 HF Bandplan	13
Úr ýmsum áttum	15
Flatey EU-168.....	16

ÍRA er landsfélag Íslenskra Radióamatöra. ÍRA er hin Íslenska deild í alþjóðasamtökum radióamatöra I.A.R.U. og I.A.R.U. Region 1 og norrænu samtökunum N.R.A.U.

Helstu markmið félagsins eru:

- Gæta hagsmuna radióamatöra í hvívetna.
- Efla kynningu og samstarf meðal radióamatöra innanlands og utan.
- Studla að færni félagsmanna og góðum venjum í radióviðskiptum.
- Hvetja til viðbúnaðar sem mætti gagnast í neyðarfjarskiptum.
- Efla amatörradíó sem leið til sjálfsþjálfunar á tæknisviðinu.
- Hvetja til tæknilegra og vísindalegra rannsókna og upgötvana á sviði radiófjarskipta.
- Örva radióþróttir meðal radióamatöra.
- Þróa amatörradíóþjónustuna sem verðmæta þjóðarauðlind.
- Studla að öflugri æskulýðsstarfsemi og kynningu á amatörradíói meðal ungs fólks.

Í stjórn ÍRA 2001-2002 eru:

Formaður: Haraldur Þórðarson TF3HP
Varaform.: Sveinbjörn Jónsson TF3VET
Ritari: Vilhjálmur Ísigurjónsson TF3VS
Gjaldkeri: Ársæll Óskarsson TF3AO
Meðstj.: Bjarni Sverrisson TF3GB
Varam.: Benedikt Guðnason TF3TNT
Varam.: Valtýr Einarsson TF3VG

CQ TF er félagsblað ÍRA og kemur út fimm sinnum á ári. Útgefandi er: Íslenskir Radióamatörar, ÍRA, Pósthólf 1058, 121 Reykjavík. Ritstjóri og ábyrgðarmaður er: Brynjólfur Jónsson TF5BW, Pósthólf 121, 602 Akureyri.

Félagsheimili ÍRA er í félagsmiðstöðinni Þróðheimum, Holtavegi 11, Reykjavík og eru fundir þar á hverju fimmtudagskvöldi kl. 20.00.

Símanúmer talhófs ÍRA er 881-2158.

Vefsíða ÍRA er á slóðinni: <http://www.nett.is/~tf5bw/ira/ira.html> og er það að finna ýmsar upplýsingar um félagið og amatörradíó

Skammstöfunin "CQ" er notuð í fjarskiptum til að tákna "kall til allra stöðva" og "TF" eru einkennisstafir Íslenskra radióstöðva.

Allir áhugamenn um fjarskipti og radiótækni sem vilja starfa í samræmi við markmið félagsins geta gerst félagar.

Frá ritstjóra

Brynjólfur Jónsson TF5BW



Eins og allir amatörar vita þá eru amatörradíó awörd töluverður hluti af áhugamálinu og hver þekkir ekki DXCC. Gefnar eru út þó nokkrar bækur um awörd og má þar nefna bók frá RSGB, hluti af ARRL Operating Manual er um awörd og K1BV hefur til margra ár gefið út The K1BV DX Awards Directory. Áhugi minn á þessu vaknaði af svolítið skringilegum ástæðum. Ég hafði samband við tvo Sænska amatöra frá sama svæðinu og með qsl korti sem ég fékk frá öðrum

þeirra voru upplýsingar um að ég hefði haft nægan fjölda sambanda til að sækja um award frá þessu svæði. Ég lét slag standa og sótti um awardið og fékk til baka snyrtilega veifu og skjal. Um svipað leyti (í byrjun árs 1985) slasaðist ég á fæti og hökkti um á einum fæti og hækju á annan mánuð og hafði frekar lítið að gera og fór þá að skoða awarda upplýsingar úr erlendum amatörblöðum sem ég hafði aðgang að. Þegar ég fór síðan að fletta qsl kortunum mínum þá sá ég að ég átti sambönd fyrir slatta af awörðum. Var þá ekki til setunnar boðið og umsóknir útbúnar og sendar. Ég hafði fyrir reglu að senda allar umsóknir í ábyrgðarpósti vegna öryggis, þó það væri heldur dýrara. Þetta vatt síðan uppá sig og fljótlega fór ég að sækja um öll awörd sem ég átti möguleika á og jafnframt að vinna að því í loftinu að ná samböndum frá svæðum sem mig vantaði sambönd frá til að geta sótt um fleiri awörd. Það fór að sjálfsögðu umtalsverð vinna á þetta allt en ég man enn eftirvæntinguna og biðina eftir fyrstu awördunum. Mismunandi tími fór í biðina og stundum gekk þetta fljótt fyrir sig en í öðrum tilfellum gat biðin orðið 4 til 5 mánuðir og að sjálfsögðu kom ekki allt til baka. Þegar ég eignaðist PC tölvu í fyrsta skipti, sem muna hafa verið 1991 eða 1992 þá var það með fyrstu verkum að eignast radiódagbókarforrit og koma loggnum inn í forritið. Fyrir valinu varð LOGIC frá Personal Database Applications. Ástæðan fyrir því að ég valdi þetta forrit en ekki eitthvert annað var sú að það bauð uppá mikla möguleika í sambandi við awarda umsóknir og gerir enn. Þetta forrit er freka stórt og þungt og er því ekki sniðugt í þungum pileupum eða contest. Ekki má gleyma að minnast á tímum sem tók að koma einum 18 þúsund handskrifuðum samböndum, sem sum voru skrifuð í flýti, inn í loggforritið. Þetta tók nokkra mánuði en hafist af. Eftir þetta var öll vinna í sambandi við awarda umsóknir leikur einn og tíminn sem fór í þetta smámunir miðað við það sem áður var. Í dag á ég ein 250 awörd frá flestum heimshlutum og hef þó ekki sótt um award í ein fimm ár.

Á árinu 1994 þá baðst Guðjón Einarsson TF3AC undan því að vera awards manager ÍRA og benti á mig sem hugsanlegan eftirmann sem og varð. Síðan þá hefur awörðum sem ÍRA gefur út fjölgað úr 1. í 9 en 2 þeirra voru gefin út tímabundið. Fjöldi umsókna er um 550 héðan og þaðan úr heiminum. Segja verður þó að áhugi Íslenskra radióamatöra fyrir þessum awörðum er ekki mikill og umsóknir sárafáar. Finnst mér undarlegt hvað íslenskir amatörar eru latir við að nota kortin sín til þessara hluta. Nánari upplýsingar um þessi awörd er að finna á vefsíðu félagsins en slóðin er <http://www.ira.is>.

Stofnaður hefur verið nýr tölvupóstlisti fyrir félagi ÍRA á Yahoo og boð um þátttöku hafa verið send til allra þeirra sem hafa tölvupóstfang

Framhald á síðu 3
CQ TF desember 2001

Frá formanni

Haraldur Þórðarson TF3HP



Ágætu félagar

Eins og flestum ætti að vera kunnugt hefur félagið gengist fyrir því að sjá um næstu ráðstefnu NARU en hún verður haldin hér á landi næsta sumar. Enn hefur ekki verið ákveðið um stað og

stund. Venjan hefur verið sú að halda fundin um mánuði fyrir IARU fundin í september en vegna þess að danskir amatörar ætla að halda upp á afmæli sitt á þeim tíma hefur allt tímaplanið gengið úr skordum og enn hefur ekki tekist að koma þessu fyrir, en vonandi hefst þetta fljótlega. En hvað sem því líður þá er það ljóst að þetta verður ekki framkvæmt nema félagsmenn standi einhuga að baki stjórninni og taki þátt í þessu. Kostnaður félagsins verður sáralítill ef nokkur nema í tíma og fyrirhöfn.

ÍRA hafði fyrir á þessu ári forgöngu í að sett var á stofn nefnd sem átti að hafa viðræður og að fylgjast með PLC tækninni. Af okkar hálfu veit ég að mikið verk hefur verið unnið til þess að fylgjast með og að upplýsa félagsmenn en minna hefur komið út úr þeim fyrirhuguðu viðræðum við netfyrirtækið og jafnvel hefur það flogið fyrir, og í opinberri umræðu hefur því verið haldið fram, að þessi tækni sé svo erfið að henni verði ekki komið á. Þó svo að við ættum ekki að fanga því að einhver ný tækni í fjarskiptum verði ekki komið á held ég að þetta hafi ekki verið tímabært a.m.k. ekki ef það hefði kostað þessar miklu truflanir sem um var rætt. Enn hefur P&f ekki séð ástæðu til að taka upp endurskoðun á reglugerð fyrir amatöra á Íslandi og eins og ég hefi margsinis lýst yfir hér í þessum pistlum mínum finnst mér það alveg út í hött að það skuli ekki gert og er það sannfæring mín að þessu væri hægt að ljúka á einni viku ef vilji væri fyrir hendi og vísa ég þar á að undanþágur sem við höfum fengið að undanförunu en þær hafa flestar verið í anda þeirra tillagna sem við lögðum fram á fundi fyrir næstum því tveim árum síðan.

Tveir fræðslufundir voru haldnir á haustdögum. Sá fyrri var frá Ara Ólafssyni eðlisfræðingi á Raunvísindastofnun Háskóla Íslands og var viðfangsefni hans um “resonans”. 26 manns komu og hlustuðu á mjög skemmtilegt efni og óvenjulegt. Ari Ólafsson lærði eðlisfræði við Háskóla Íslands og eftir framhaldsnám víða lauk hann doktorsnámi í Kaupmannahöfn.

Seinni fundurinn var fræðsluerindi Marteins Sverrissonar TF3MA um Nec reikni-

forritið en því er m.a. ætlað að reikna út loftnet og hinar ýmsu breytingar sem verða á þeim við þær aðstæður sem notandi gerir á þeim. Forrit þetta er frítt á “netinu”. Rúmlega 20 manns sóttu þennan fund.

Nokkrar framkvæmdir hafa verið við Próttheima núna í haust og eru þær helstar að gamla eldhúsið á fyrstu hæð hefur verið endurbætt og sett í stand. Að þeim endurbótum stóðu nokkrir félagsmenn og fyrir þeirra framlag ákvað framkvæmdstjóri Próttheima að fella niður, fram að áramótum, húsaleiguna og hefur því húsaleiga fyrir hálf tveim árið verið felld niður og munar okkur allverulega um það. Þrátt fyrir þessar framkvæmdir á húsinu er enn ekkert ákveðið um framhald unglingsstarfsins þarna og því allt á huldu með okkar framtíð á þessum stað.

Þetta tölublað CQ TF er hið síðasta á þessu ári og óska ég félagsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

73 de TF3HP Haraldur Þórðarson

Frá ritstjóra frh.

Í félagatali ÍRA. Nú þegar hafa um 20 félagar skráð sig á listann. Þeir sem ekki hafa nú þegar skráð sig á listann en fengið um það boð eru hvattir til að gera það hið fyrsta hafi þeir áhuga. Þessi póstlisti er nú þegar og verður notaður fyrir tilkynningar frá félaginu og almenna umræðu félagsmanna. Hafi einhver félagsmanna, sem er með tölvupóstfang ekki fengi boð um þátttöku þá er hægt að senda beiðni um slíkt í tölvupósti á irapostur-subscribe@yahoogroups.com og verður það þá skoðað.

Ástæðan fyrir þessum nýja lista er sú að á gamla listanum ira-rabb@snerpa.is höfðum við enga stjórn, vissum t.d. ekki hverjir voru á honum og einnig gekk sumum félagsmönnum illa að senda póst í gegnum þann lista eða tengjast honum og í einstaka tilfellum tókst það alls ekki.

Þegar ég settist niður til að skrifa þennan pistil þá átti hann að verða um undarleg viðskipti mín við ákveðið fjarskiptatækjasölufyrirtæki á Reykjavíkursvæðinu en látum það bíða betri tíma.

Óska öllum ÍRA félögum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs með þakklæti fyrir það gamla.

73 de TF5BW

Tölvur og fjarskipti

Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS



Hér verður fram haldið þar sem frá var horfið í síðasta CQTF um hina ýmsu gagnasendingamáta í tölvufjarskiptum.

GTOR

Stöðug þróun hefur verið í aðferðum til að senda gögn með fjarskiptum og

einn áfanginn á þeirri vegferð er GTOR (Golay-TOR). Sú aðferð er þróuð af Kantronics fyrirtækinu, en það framleiddi og seldi vinsæl TNC tölvu/radíó tengi (Kam) sem höfðu innbyggt Packtor, en þeim fannst það ekki nógu áhrifaríkt og öruggt. Þeir hófust því handa við að endurbæta tækin og útkoman varð Kam plus TNC með hinum nýja GTOR hætti. Má segja að fyrirtækið hafi með því tekið hina öfluggu og sérhæfðu tækni herveldanna til fjarritunar og aðlagð að tiltölulega ódýrum amatör-tækjum.

Aðalkostir GTOR er stóraukinn hraði í sendingu og ótrúleg villuleiðrétting ásamt því að vera á viðráðanlegu verði fyrir almenning. Gagnaþjöppun er innbyggð í háttinn (Huffman) og þar að auki er breytilegur hraði þannig að tækin sem “tala saman” leitast við að halda hámarkshraða en lækka hann ef sambandið er erfitt og geta því ýmist verið á 300, 200 eða 100 bás. Sendingin er venjuleg mark/bil sending eins og RTTY.

Það er margt líkt með GTOR og AMTOR, t.d. hefur það bæði ARC og FEC hátt og öll notkun er sambærileg. Hinsvegar skilur margt þá að, GTOR hefur fullt ASCII stafasett og ótrúlegt öryggi.

Það þótti verulega eftirtektarvert að þegar amatörar prófuðu fyrstu sendingarnar á GTOR var tæplega 10 þúsund stafa texti sendur milli Kansas og Californiu, villulaus, og tók sendingin aðeins röska 5 mínútur á 20m bandinu. Þegar að lokinni þeirri sendingu var sami texti sendur með Packtor og tók sú sending rúmar 20 mínútur. Næstu daga sendu þeir í tilraunaskyni yfir milljón bæti sín á milli og öll villulaus.

Helsti gallinn við GTOR, ef galla skyldi kalla, er að það er bundið við tæki frá þeim framleiðendum sem “eiga” háttinn og liggur því ekki á lausu í forritum t.d. fyrir hljóðkort.

Clover

Clover var sérstaklega þróað með það í huga að búa til gagnasamskiptamáta sem væri villufrír og stæðist vel mismunandi truflanir á fjarskiptunum. Hér er ekki um mark/bil sendingu að ræða heldur er 4 tóna samtvinnnaða mótun, þar sem samtímis er notast við blöndu af tíðni- fasa- og styrkmótun. Þar

við bætist að með hverri gagnasneið fylgir símat á “signal to noise” hlutfallinu og fasahliðrun og þar að auki á hversu mikið þarf að leiðrétta sneiðina á móttökustað. Hver gagnasneið er síðan send með tilliti til afdrifa þeirrar næstu á undan og þannig getur sendingin verið síbreytileg eftir því sem skilyrðin breytast.

Sendihraðinn í Clover getur því verið afar misjafn eftir skilyrðum, eða frá um 125 bps upp í 750. Clover nýtir fullt aukið ASCII stafasett (alla stafi sem tölvan hefur til umráða) án nokkurra tilfæringa, þannig að í raun er hraðinn 10-70 bókstafir á sekúndu, allt eftir aðstæðum.

Með hverri gagnasneið í Clover fylgja svo “Reed-Solomon” leiðréttingargögn, en það er nákvæmlega sama aðferð og notuð er á geisladiskum, bæði í tölvum og hljómtækjum. Fyrir vikið er hægt að leiðrétta í móttöku fjölmargar villur sem myndast í sendingunni og það er einungis þegar sú aðferð bregst að þörf er á að senda gagnasneiðina aftur. Þetta veldur því að miklu færri sneiðar þarf að endurtaka en t.d. í Amtor og Packtor, þar sem sérhver minnsta villa veldur endursendri gagnasneið.

Hver sendingareining í Clover er 6 sneiðar, hver um sig 255 bæti. Móttökutækið hefur möguleika á að geyma sneiðarnar og ef óafturkræf villa er í einhverri sneiðinni eru þær sneiðar sem eru réttar sendar áfram í tölvuna þar til komið er að gallaðri gagnasneið, þá er send beidni um endursendingu, en réttar sneiðar sem á eftir eru í röðinni geymdar uns þær sem á milli eru hafa verið móttæknar og þannig er allt sent í tölvuna í réttri röð. Þannig þarf ekki að senda aftur allar 6 sneiðarnar sem mynda sendingarrunu heldur bara gallaða bútinn.

Enn er einn kostur Clover ótalinn, og það er að sendingin er tvívirk, ekki þarf að bíða eftir að sendistöð hætti til að hægt sé að senda á hana, þannig að ólíkt bæði Amtor og Packtor getur hvor stöðin sem er sent hvenær sem er! Vegna þess að sendingin er algerlega villulaus og nýtir þar að auki 8 bita stafasettið er hægt að senda hvaða tölvugögn sem er með þessum hætti, þar með talin forrit og myndir.

Bandviddin sem Clover tekur er aðeins 500Hz að 50dB undir hámarks merkisstyrk, þannig að hægt er að raða Cloversendingum á bandið með 500Hz millibili án truflanahættu. Það er mikill munur eða á t.d. Amtor sem þarf heilt kílórið milli stöðva, Packtor sem þarf 1,5 og HF pakket sem þarf 2 KHz

Packet

Gagna-pakkasendingar um þráðlaus fjarskipti hafa átt sér stað allt frá því um 1965, en í amatörheiminum komst það þó ekki í gagnið fyrr en seint á áttunda áratugnum. Sami háttur er á hvort

CQ TF desember 2001

sem um HF eða VHF sendingar er að ræða og er notast við svokallaðan AX.25 staðal, sem er útfærður X.25 (síma) staðall. Sendingin er tvítóna en gögnin eru send með gagnapökkum, sendihraðinn er fastur, 300 bás (1200 reyndar til á 10m og jafnvel enn hærrí á VHF/UHF). Pakkinn samanstendur af 256 bætum, 8 bita ASCII. Pakkinn byrjar með 1 bæti sem upphafsmerki, þá 3 bæti sem auðkenni pakkans, 1 stýribæti og svo koma gögnin. Pakkinn endar síðan með 2 bæta tékksummu og að lokum 1 lokabæti.

Það voru upphaflega amatörar í Vancouver í Kanada sem hófu tilraunir með pakket og um 1980 bættust Bandaríkjamenn frá Tucson í Arizona í hópinn. Þetta var þröngur hópur sem stóð að fyrstu tilraunum sem snerust ekki bara um að finna bestu aðferðirnar, heldur einnig að hanna og smíða tengieininguna sem tengdi stöðina við nettenginguna. Kallast það á ensku TNC, eða Terminal Node Controller og gegnir svipuðu hlutverki og netkort í tölvu.

Tucson hópurinn hannaði TNC smíðasett fyrir amatöra og nefndust þau ásamt útfærslunni á sendingunni TAPR (Tucson Amateur Packet Radio). Þótti það byltingarkennt um 1985 þegar þeir höfðu selt yfir 1000 sett, en síðan þá hefur þetta tekið miklum framförum og er talið að hinir ýmsu framleiðendur TNC eininga hafi nú selt yfir 100.000 tæki.

Mikilvægur eiginleiki pakketsins er að hver og ein stöð sem er tengd getur virkað sem sjálfvirkur endurvarpi, og er það kallað "digipeater" á ensku. Á þann hátt er hægt að koma boðum langan veg, þótt upphafs og endastöðin hafi ekki möguleika á að tala beint hvor við aðra. Jafnframt veldur þetta því að þótt ein stöð eða fleiri detti út eru samt miklar líkur á að boðin komist til skila. Þetta má setja upp á sjálfvirkann hátt en amatör getur líka tekið fram þegar hann tengist annarri stöð að það eigi að fara gegnum tiltekna eða tilteknar stöðvar. T.d. má nefna að þegar undirritaður í Kópavogi tengdist við TF3NOS sem var staðsett í Háskólanum var það með stöð TF3EJ í Garðabæ sem millilið.

Þótt mörgum finnst sjálfgefið að amatörar tengist hver öðrum til að spjalla saman er það samt ekki svo þegar pakketið á í hlut. Möguleikarnir eru nefnilega miklu víðtækari heldur en fyrir venjulegt QSO og kemur það af hluta til vegna þess að með pakketinu er búið að nettengja stöðvarnar saman, rétt eins og á hverju öðru tölvuneti. Enda hefur það farið svo að amatörstöð sem tengd er um pakket hefur margra kosta völ.

a) *Pósthólf*; amatörinn á sitt eigið pósthólf, aðrar stöðvar sem þekkja kenni stöðvarinnar geta sent skilaboð hvort sem hin stöðin er í loftinu eða ekki. Þegar tengingu er síðan komið á getur amatörinn sótt skilaboðin sem liggja í hólfinu, og svarað. Þetta þekkja allir í dag frá tölvupósti af internetinu.

b) *Almenn skilaboð*; amatörinn getur sent skilaboð

á svokallaðar korktöflur (BBS: bulletin boards) og allar stöðvar sem tengjast því neti sem hýsir töfluna geta lesið öll skilaboð sem þangað eru send og svarað eða sent ný.

c) *Ýmis þjónusta*, s.s. kallbækur og skrár. Þetta var algengara áður fyrr þegar sjaldgæfara var að amatörar hefðu heilu kallbækurnar á geisladiskum í tölvum sínum, en er samt í fullu gildi enn þann dag í dag.

f) *Sambandsupplýsingar*; Amatörar sem ná sambandi við sjaldgæfa stöð senda upplýsingar um það um pakketið og birtast þær í þar til gerðum forritum sem kallast "cluster" forrit á ensku. Aðrir amatörar geta verið með forritið opið og séð hvað um er að vera, farið á þá tíðni sem er nefnd og reynt að ná sambandi. Þetta er keyrt víða um allan heim allan sólarhringinn, en er þó mest notað þegar keppni stendur yfir.

e) *Staðsetningar og ferilvöktun*; Þetta nefnist á ensku Automatic Packet Reporting System, eða APRS og er best þekkt þegar GPS staðsetningartæki er tengt við talstöð, sem sendir upplýsingar með pakketi til móðurstöðvar. Á þann hátt er hægt að sýna á landakorti hvar farstöðin er stödd.

f) *Tenging við internetið*; um pakketið er hægt að tengjast internetinu um allan heim. Amatörar eiga sitt eigið internet, sem er að hluta flutt um fjarskipti á milli tölva, og í sumum löndum tengist það almenna internetinu. Á þann hátt geta amatörar tengst með fjarskiptum ýmsum sem ekki eru að nota talstöðvar, heldur venjulegar tölvur tengdar á netið. Víða er treyst á þessa nettengingu á neyðartímum þegar landlínur bregðast, en amatörar geta haldið tölvunetum gangandi um stöðvar sínar.

g) *Miðlun ganga*; Hér er bæði um að ræða skilaboðþjónustu á neyðartímum, veðurupplýsingar og ýmsa þjónustu sem amatörar veita hver öðrum og ekki síður almenningi.

h) *Gerfihnattasamskipti*; Mörg gervitungl sem amatörar hafa aðgang að hafa BBS kerfi, og geta þá amatörar sent boð í tunglið og aðrir lesið það síðar á ferlinum. Yfirleitt geymast slík boð í gervitunglunum í sólarhring. Þá geta amatörar stundum sótt upplýsingar í gervitunglin, s.s. hlaðið niður myndum sem tunglið hefur tekið af jörðinni. Þótt gervitunglin noti flest AX.25 eru notuð sérhæfð forrit til þessara samskipta.

i) *Venjulegt QSO*, frá lyklorði til lyklorðs; þrátt fyrir allar tæknibrellurnar og tölvubrögðin er auðvitað einnig hægt að nota pakketið til venjulegra samskipta þar sem báðir amatörarnir sitja samtímis við tölvur sínar.

Í næsta blaði verður haldið áfram og þá talað um t.d. MFSK16, MT63, PSK31, Throb og etv. einhverja fleiri.

73, de TF3VS

QRP

Niels J. Kristjánsson TF3NJ/VE6NJK



Sælir félagar,

Einn af mörgum umræðulistum á netinu er QRP-L og verða umræður þar oft líflegar svo ekki sé dýpra í árina tekið. Í byrjun október sl. var einu sinni sem oftast í gangi umræða um

heimasmíðuð tæki og varð einum amatör á orði að kominn væri tími til að QRP samkundan fullorðnaðist og færi að kíkja á alvöru tæki. Eins og gefur að skilja var þessu tekið á mismunandi veg og skapaðist umsvifalaust mikil og heit umræða um málið. Einn af mörgum sem lögðu orð í belg var Jim Glover WB5UDE og er eftirfarandi þýtt, stælt og skrumskælt með góðfúslegu leyfi hans.

Ég er viss um að þú veist vel að margir amatörar nota verksmíðju framleidd tæki fyrir QRP og skrúfa aflíð niður í 5 Wött eða jafnvel minna. Það eru einnig margir sem nota K1, K2 og FT-817 og önnur tæki sem hafa mikið látið að sér kveða undanfarið og eru gerð eingöngu fyrir lítið afl.

Fjölbreytni er ein af styrktarstöðum amatörradíós. Það er staður og tilgangur fyrir stöð þar sem kostnaður er ekki til fyrirstöðu, með hágæða tækjakosti, tölvum, skógi af háum möstrum og kynstrum af loftnetum með tíðnisvið frá DC til dagsljóss (ég eins og líklegast flestir slefa við tilhugsunina). Það er líka staður og tilgangur fyrir stöð sem er einfaldleikinn uppmálaður og skemmtunin felst í því að hafa samband með einföldum dípól (sem er jafnvel upp á hálofti) og tækið samansafn af íhlutum sem er safnað saman á tilraunaborði til bráðabirgða. Það er staður og tilgangur fyrir stöðvar sem eru allt þar á milli í öllum hugsanlegum útfærslum.

Það má leiða rök að því að góður árangur náist með því að nota dýrustu og fullkornustu tæki, er ég því alveg sammála. Að halda því fram að það sé einhverskonar fötlun að nota tæki sem eru á hinum endanum á skalanum er ég algerlega ósammála.

Rætur amatörradíós má rekja til þeirrar hefðar að menn handsmíðuðu eigin tæki, þessa dagana eru það aðeins amatörar og örfáir rafeindaáhugamenn sem stunda heimasmíði að einhverju gagni. Það er morgunljóst að framtíð amatörradíós hvílir á herðum þeirra í okkar röðum sem náð hafa góðu vald á nútíma tækni, eins og hún gerist best, og eru viljugir að aðlaga þá hluta hennar sem gagnast

amatörradíói. Ég er viss um að allir eru mér sammála að á meðal okkar séu líka framsýnir amatörar sem halda áfram að láta heiminn njóta nýjunga og uppfinninga sem eiga uppruna sinn að rekja til radióamatöra og þess sem þeir eru að fást við. Ég vona líka að allir séu sammála að innan amatörradíós verði að varðveita þá tækni og hefðir sem heyra til okkar sögu.

Margir okkar muna þá tíma þegar við þurftum að nota kristalstýringu. Sumpart var þessi krafa gerð vegna þess að líklegast smíðaði nýliðinn sín tæki sjálfur. Krafan um kristalstýringu var því til þess að auka til muna líkurnar á því að stöð nýliðans væri nægilega stöðug og rétt á tíðninni. Þetta var líka gert með einfaldleikann að leiðarljósi og þar af leiðandi auknar líkur á viðunandi árangri, sérstaklega þeirra sem minni höfðu reynsluna. Þessi rök eru eins gild í dag eins og þau voru þá. Að byrja með "kitt" eða verkefni sem samanstendur af einföldum rásum hjálpar okkur til skilja betur og ná tökum á því sem við erum að fást við.

Það er satt að í dag höfum við kost á "kittum" sem byrjendur a.m.k. þeir sem hafa einhverja reynslu, geta smíðað og þegar smíðinni er lokið haft í höndunum vel nothæft tæki sem hefur þokkalega góða eiginleika. Þetta sama var líka uppá teningnum fyrir nokkrum áratugum. Ástæðurnar fyrir því að ekki smíðuðu allir sín tæki þá, eru mikið til þær sömu og þær eru í dag.

Sterk rök fyrir að smíða sín eigin tæki er löngunin að læra eitthvað í leiðinni. Hve margir þeirra sem smíðað hafa flókið tæki eins og K2 virkilega skilja hlutverk hvers og eins íhlutar sem þeir lóða fastann? Ég get fullvissað ykkur um að hærri prósentu þeirra sem smíða einfalda rás, hvort sem hún er "kitt" eða úr samansöfnuðum íhlutum, vita nákvæmlega hvaða hlutverki hver íhlutur gegnir. Margir radióamatörar fá mikla ánægju út úr því sem þeir læra við það að smíða eitthvað með eigin höndum. Margir sem byrja á einföldu halda áfram að smíða (og skilja) flóknari tæki. Sumir ganga aldrei lengra en að smíða eitthvað einfalt en hafa samt sem áður lært eitthvað af reynslunni og er það meira en hægt er að segja um marga aðra radióamatöra nú til dags, sem eiga og nota tæki af fullkornustu gerð og kostuðu formúgu. Það er eitthvað göfugt við það að hafa smíðað tækin sem stöðin samanstendur af og virkilega hafa skilning á því hvernig allt klabbíð virkar.

Að setja saman ódýra stöð er önnur gild ástæða til

að aðhyllast einföld tæki. Í okkar röðum eru því miður amatørar sem virðast eiga erfitt með að bera virðingu fyrir félögum sem ekki hafa efni á græjum sem kosta offjár eða a.m.k. drjúgan skilding. Á meðan, í stóru landi eins og bandaríkin, eru milljónir manns sem eru heiðarlegir og áreiðanlegir borgarar sem eiga varla til hnífs og skeiðar. Ég held að öllum sé það ljóst að ein lágmarks laun duga ekki lengur til að framfleyta fjölskyldu nú til dags. Jafnvel tvenn lágmarkslaun hrökkva varla til ef eitthvað er af börnum í fjölskyldunni þá verður oft lítill afgangurinn til þess að eyða í áhugamálin. Svona er á komið fyrir milljónum, ekki bara í bandaríkjunum heldur út um heim allann. Staðreyndin er sú að margir geta ekki tekið þátt í þessari tómstund okkar nema með algerum lágmarks tilkostnaði. Að smíða (eða kaupa ódýr og gömul) tæki sem við gætum kallað frumstæð er ein leiðin til þess að geta verið með í leiknum.

Samkvæmt skilgreiningu þýðir QRP að nota minna afl og ekkert annað. Lífið er nú samt sem áður ekki svo einfalt og er QRP að sjálfsögðu ekki nein undantekning. Í augum margra er QRP um það að komast af með sem allra minnst í fleiri skilningi en aðeins hvað við kemur sendiorku. Þetta getur átt við um stærð, þyngd og orkunotkun sérstaklega ef menn eru með tækin með sér á ferðalögum. Þessir kostir geta líka höfðað til ýmissa þeirra sem eru vistvænt sinnaðir og vilja spara orkuna eða jafnvel þeirra sem eru pláss litlir og/eða finnst sniðugt að hafa stöð sem tekur sem minnst pláss. Sumir eru áhugamenn um að nota eins einföld tæki og hægt er að komast af með, nota sem minnst sendiafl og geta samt sem áður stundað fjarskipti með góðu móti.

Hvað mér við kemur er hver sá sem hefur áhuga á fjarskiptum með litlu afli velkomin í raðir þeirra sem kenna sig við QRP. Einnig er ég viss um að hver svo sem ástæðan er fyrir áhuga á QRP þá þurfi menn ekki að gefa upp á bátinn það einfalda í skiptum fyrir flókin dýr tæki til að finnast þeir vera gjaldgengir. Nú ef menn geta ekki verið án allra þeirra möguleika sem dýrar græjur bjóða uppá þá er það líka allt í fínu lagi og vona ég það þeir njóti þess. Á hinn bóginn ef af einhverjum ástæðum menn velja þann kostinn að halda sig eingöngu við einfaldleikann uppmálaðann þá er ég viss um að þeir njóta sín ekki síður.

Að lokum vona ég að menn virði það hvaða leiðir aðrir hafa valið sér til að fá sem mest út úr QRP og vinni saman að því að gera veg amatörradíós sem mestan þar sem fólk með mismunandi skoðanir og áhugasvið geti notið þessa frábæra áhugamáls til fullnustu.

73 de Níels J. Kristjánsson TF3NJ/VE6NJK
Vi Minore, Plus Gaudium
CQ TF desember 2001

Frá gjaldkera

Ársell Óskarsson TF3AO



Innheimta árgjalds hefur gengið þokkalega, en betur má ef duga skal. Vil ég biðja alla þá félagasem enn skulda árgjald, eða jafnvel árgjöld að greiða sem fyrst. Já, enn eru nokkrir sem skulda árgjöld fyrri ára, og þeir eru nokkrir sem ég haft

samband við og jafnvel sent nýja gíróseðla sem hafa ekki gert neitt í sínum málum. Nú fer að koma að því að nauðsynlegt verði að strika þá út af félagaskrá, enda kveða lög félagsins á um slíkt. Hafir þú grun um að þú skuldir eldri árgjöld, er hægt að senda mér tölvupóst (tf3ao@qsl.net) nú eða hringja í mig í 564 5760, og spyrjast fyrir um stöðuna.

Þá er hægt að greiða ógreidd félagsgjöld inná reikning 0116-26-7783 kt. 610174-2809.

73 de TF3AO

NRAU fundurinn 2002.

Eins og þið munið þá var ákveðið á síðasta aðalfundi að ÍRA byðist til að halda NRAU fundinn árið 2002. Skipuð var nefnd til að sjá um undirbúning og er formaður nefndarinnar Kristján Benediktsson TF3KB.

Undirbúningur fyrir fundinn er í fullum gangi og hefur undirbúningsnefndin þegar haldið nokkra fundi. Tölvupóstssendingar hafa verið í gangi milli ÍRA og hinna norrænu félaganna um þátttöku og fundardaga og er ákvörðunar um fundardaga og stað að vænta innan ekki mjög langs tíma.

73 de TF5BW

Hljóðkortsforrit fyrir High Speed á VHF/UHF.

Nú seinni hluta sumars kom frá K1JT, forrit sem ætlað er til notkunar á VHF og hærri tíðnum þar sem oft er notast við "Meteor Scatter" eða því um líkt. Forritið gengur undir nafninu WSJT, eða "Weak Signal by K1JT" og fer sendingin fram á 147 stafa hraða á sekúndu, eða 8820 stafa hraða á mínútu (hver var að tala um að minnka prófkröfuhraða á Morsi). Þeim sem vilja fræðast meira um forritið, skal bent á <http://www.vhfdx.de/wsjt/>

73 de TF3AO

Útvarp Akureyri

Séra Bolli Gústafsson (Grein þessi byrtist í Morgunblaðinu 08.12.1984)

Frjáls útvarpsrekstur

„Útvarp Leikjalík Útvarp Leikjalík Ligning! Þetta hrópaði tveggja ára, pattaralegur hnokki fyrir norðan, þegar hann var að leika sér á stofugólfinu hjá ömmu sinni árið 1937. Auðvitað var hann að herma eftir undratækinu í stofuhorninu og þóttist vera að lesa veðurfregnir. Þær voru í stuttu máli: Útvarp Reykjavík! Útvarp Reykjavík! Rigning! Líklega hafði hann oft heyrt talað um Reykjavík og rigninguna þar, því þá var ekki laust við hrepparíg á milli höfuðstaðar Norðurlands og höfuðborgarinnar við Faxaflóa. Og í bókstaflegum skilningi töldu menn sig sólarmegin í lífinu fyrir norðan, öndvert við Reykvíkinga, sem þurftu helst að ganga í olúkápum með suðvesti flesta daga. En hins vegar var það óhagganleg staðreynd, að ríkisútvarpið var í Reykjavík, þrátt fyrir rigninguna. Dagar hins frjálsa útvarps voru liðnir. Hafði endi verið á það bundið árið 1930. Nú kann einhver að hvá: Hvað er maðurinn að fara? Það vita allir sæmilega upplýstir menn, að ríkisútvarpið tók til starfa í árslok 1930, og það er fyrst nú á níunda áratugnum, sem rætt er af ákafa um frjálsan útvarpsrekstur. En það er ekki alls kostar rétt Líkt og Flugfélag Akureyrar breyttist í Flugfélag Íslands, þá hafði Útvarp Akureyri breyst í Útvarp Reykjavík, þótt það yrði með nokkuð öðrum hætti.

Trúboðsútvarp

Árið 1926 setti enskur maður, mr. F.L. Hogg, upp útvarpsstöð á Sjónarhæð á Akureyri. Það vann hann fyrir landa sinn, mr. Arthur Gook, trúboða og forstöðumann Sjónarhæðarsafnaðarins. Ári áður (1925) hafði sú ákvörðun verið tek in í trúfélagi hans úti í Englandi, að styrkja þetta fyrirtæki. Og enn erum við á líkum slóðum og í tveim fyrstu þáttum Fanga", því Sjónarhæð er mikið timburhús næst norðan við margnefnt samkomu og leikhús Akureyrar. Útvarpsstöðin hóf síðan tilrauna-sendingar árið 1927. Lesnar voru fréttir og flutt tónlist af hljómplötum. Beint útvarp var síðan frá kristilegum samkomum Sjónarhæðarsafnaðarins. Þar voru haldnar ræður og fólk vitnaði um trú sína og síðast en ekki síst var sungið og spilað af miklum þrótti. Þá gerði mr. Arthur Gook sér ljóst, að fólk yrði að eignast útvarpstæki, til þess að fá notið þessarar nýjungar. Því hóf hann innflutning á þeim og hafði á boðstólum bæði svonefnd kristalstæki og ennfremur tveggja-, þriggja- og allt upp í fimm-lampa útvarpstæki. Útvarpsstöðin var 4 ½ kw, en notaði að jafnaði aðeins 1 ½ kw. Af því má ráða, að hér var um gerðarlega stöð að ræða, enda er álitíð, að tækniútbúnaðurinn hafi verið a.m.k. tvö tonn. Í þá daga fengu Akureyringar rafmagn frá Glerárstöðinni, sem var staðsett við ána ofan við

Glerárþorpið og var næsta lítil og straumur oft óstöðugur. Það síðast nefnda olli fljótlega miklum vandræðum í útvarpsstöðinni. Því lampar vildu brenna yfir. Sá mr. Gook þá ekki annað ráð betra, en koma sér upp eigin rafstöð. Keypti hann mikinn mótör frá Englandi og var byggt yfir hann dálítið hús, sem ennþá stendur rétt hjá Sjónarhæð. Þessi mótör reyndist hið mesta þarfaping og er enn í notkun. Var hann seinast gefinn Vélskólanum á Akureyri þar sem hann er notaður sem kennslutæki. Á brekkubrúninni ofan við samkomuhúsið þar sem kallast Barðsnef og í hvamminum ofan við Sjónarhæð risu geysiháar loftnetsstangir. Stöðin reyndist svo sterk, að sendingar hennar náðu alla leið til Kanada og Ástralíu. Einnig barst mr. Gook bréf frá Kaliforníu; frá útvarpsáhugamanni, sem hafði heyrt þetta torkennilega mál og ekkert áttað sig á því, sem von var. Hann náði hins vegar kallarmerki stöðvarinnar og fletti upp í skrá, sem leiddi hann í þann sannleika, að þessi stöð væri á þeim slóðum þar sem hann áleit að menn byggju í snjóhúsum og glímdu löngum við hvítabirni. Því sendi hann bréf til forstöðumanns útvarpsstöðvarinnar norðlægu, 6500 km leið, og komst að því, að hér á útnáranum dafnaði evrópsk menning ekkert síður en glóaldin í Kaliforníu.

Grunsemdir um njósnir

Ýmsum þótti þetta fyrirtæki trúboðans á Sjónarhæð tortryggilegt Sumarið 1926, þegar stöðin var komin til Akureyrar, kassarnir höfðu verið fluttir inn að Sjónarhæð og stóðu þar á stéttinni neðan brekkunnar, þá birtist skyndilega dularfullur maður með mjög fullkomna ljósmyndavél. Enginn vissi önnur deili á honum, en þau að hann væri þýskur ferðalangur. En hann beindi linsunni hvorki að Súlutindi eða Kaldbak. Hann myndaði þessa miklu kassa í bak og fyrir, en hvarf síðan á braut og enginn vissi, hvað af honum varð. En í bænum heyrðust raddir, sem kváðu augljóst, að mr. Gook væri meira en lítið áhugaverður maður. Mjög sennilegt væri, að hann hygðist koma á fót njósnastöð fyrir Breta. Á þeim tímum voru æði margir hér landi hallir undir þá skoðun, að í Þýska-landi væri að renna upp ljós nýrra tíma til heilla fyrir heimsmenninguna. Síðar kom annað á daginn. Á stríðsárunum, þegar Útvarp Akureyri var liðið undir lok, notaði breska setuliðið loftnetsstangirnar miklu fyrir loftskeytastöð sína á Barðsnefi. Þótti engum það tiltökumál, því viðhorfin voru breytt og allir virtust komnir á þá skoðun, að þýska ljósið væri hið versta villuljós.

Hinu má ekki gleyma, þegar þess er minnst, hve þessi norðlæga útvarpsstöð náði langt á þriðja áratugnum, að í þá daga voru leiðir loftsins greiðari

og færra, sem truflaði útvarpssendingar, en síðar varð.

Leyfið endurkallað

En dagar þessa merka framtaks trúboðsins urðu ekki margir. Leyfið til útvarpsrekstrar höfðu stjórnvöld veitt mr. Gook með því skilyrði, að það mætti endurkalla án fyrirvara. Greinir Sæmundur G. Jóhannesson frá því í 2. bindi ævisögu sinnar, er hann nefnir Mannlíf í mótun. Sæmundi segist svo frá: "Þeir stjórnálamenn, sem þá voru við völd, mundu kallast mega sjálfstæðismenn, þótt það nafn væri ekki til. Stöðin var síðan reist. Kostnaður varð meiri, en ráð var fyrir gert. Rafmagnið frá Glerá reyndist ófullnægjandi vegna rennslistruflana. Varð að útvega mótur, sem gæti framleitt nægilegt rafmagn. Allt þetta tók tíma og peninga. Nýr flokkur tók völdin, sem nefndur var Framsóknarflokkur. Hann vildi ríkisrekstur á útvarpi.

Leyfið var svo endurkallað. Allt varð til ónýtis. Ég var sendur á fund sr. Þorsteins Briem, er hann var orðin ráðherra. Hann þverneitaði um leyfi. "Ég verð að fara eftir því sem sérfræðingur minn segir mér," var svar hans. Sá sérfræðingur mun hafa verið alveg trúlaus maður, sem ekkert kærði sig um framgang lifandi kristindóms.

Síðustu setningarnar í frásögn Sæmundar eru athyglisverðar. Þær minna okkur á það, að þessi fyrsta útvarpsstöð rak fyrst og fremst trúboð. Ekki er ósennilegt, að viðhorf ráðherrans, sem var þjóðkirkjuprestur, hafi nokkru um ráðið, þrátt fyrir trúleysi sérfræðingsins, ráðgjafa hans. Sjónarhæðarsöfnuðurinn boðaði að vísu kristna trú, en greindi á í ýmsum þáttum trúfræðinnar við hina evangelísk lútersku þjóðkirkju. Er ekki ósennilegt, að síra Þorsteini hafi þótt hart, að endurskírara skyldu skjóta þjóðkirkjunni ref fyrir rass og taka þessa áhrifamiklu tækni í þjónustu sína á undan öllum öðrum hér á landi.

Arfur Akureyrarútvarpsins

Ríkisútvarpið naut góðs af þessu frjálsa útvarpi á Akureyri. Þegar mr. Hogg vann við uppsetningu stöðvarinnar, fékk hann ungan og áhugasaman mann til liðs við sig. Hét hann Grímur Sigurðsson og var hann um langt árabil tæknimaður ríkisútvarpsins á Akureyri. Mun mr. Gook hafa kostað Grím til náms í Englandi þar sem hann nam útvarpsvirkjun. Var hugmyndin sú, að hann yrði fastráðinn tæknimaður útvarpsstöðvarinnar á Sjónarhæð. Grímur rak lengi viðgerðarverkstæði á Akureyri, auk þess sem hann starfaði fyrir útvarpið. Hann fluttist til Reykjavíkur um 1970. Þar starfaði hann á tæknideild útvarpsins, uns hann lést á liðnu ári.

Áður en skilist verður við þessa sögu, þá er vert að vekja athygli á því, að eitthvað mun vera til af þeim tækjum, sem notuð voru í útvarpsstöðinni á Sjónarhæð, auk merkilegra ljósmynda frá dögum hennar. Sagði heimildarmaður minn, Jón Hilmar

Magnússon, að m.a séu þar í húsinu næsta völdugir lampar í geymslu. Er einsýnt, að þarna er um að ræða sögulegar minjar, sem best yrðu komnar í Minjasafni Akureyrar og Eyjafjarðarsýslu.

„Stúdíó í bíó“

Saga útvarpsins á Akureyri er óskráð og því er ástæða til, að varðveita öll gögn, sem gera mun þeim auðveldara um vik, sem fær köllun til verks. Upp í hugann kemur nafn þess manns, sem mest starfaði að útvarpsmálum nyrðra, eftir að Grímur Sigurðsson fluttist úr bænum um 1970 og áður en RÚVAK kom til skjalanna.

Það var Björgvin Júníusson, fyrrum skíðakappi og ólympíufari. Vann hann um árabil að upptöku útvarpsefnis með fremur lélegum tækjabúnaði og við erfiðar aðstæður. Ástæðan til þess að hann fékk áhuga fyrir útvarpstækni, mun hafa verið sú, að fyrirtækið, sem hann veitti forstöðu, Efnagerðin Flóra, var til húsa við hlið viðtækjaverkstæðis Gríms Sigurðssonar. Skruppu þeir oft í kaffi hvor til annars og þá kviknaði áhuginn hjá Björgvin, enda var fátt fjær honum, en kyrrstaða og áhugaleysi. Um það leyti, sem Grímur hvarf á braut, var Björgvin orðinn forstöðumaður Borgarbíós og eftir það notaði hann lengst af bíósalinn við hljóðritun. Vill svo til, að samstarf okkar Björgvins varð allmikið í "stúdíóinu" þar. Minnst ég þess, að mestu kostir þeirrar stofnunar voru langlundargeð Björgvins, æðruleysi og ósvikin kímni. Mörg dagskráin var hljóðrituð þar á sviðinu að tjaldabaki, en tæknimaðurinn var staðsettur í lífili geymslukompu með slitin upptökutæki innan um hreingerningaramboð. Hann varð að kalla hárrí röddu í flytjendur, þegar þeir máttu hefja lesturinn, eða þegar spólan var útgengin. Og inn á milli voru gerð hlé, kaffi drukkið á fremsta bekk. Gaman sögurnar komu þá, hver á fætur annarri, létu lund flytjandans og eyddu glímuskjálftanum. Oft byrjuðu þær á þessa leið: "Þessi er nú ekki við hæfi presta, en þú mátt samt til með að fá að heyra hana..."

Björgvin Júníusson lést í febrúar 1982, um líkt leyti og Ríkisútvarpið var að hleypa af stokkum deild sinni á Akureyri. Enginn einn maður á jafnmikinn þátt í því og hann, að Útvarp Akureyri varð að veruleika," sagði Halldór Blöndal alþingismaður í eftirmælum um Björgvin Júníusson".

Fáein loka orð

Að þessu sinni áttu föng að fjalla um starfsemi RÚVAK á Akureyri. Því gekk ég á fund Jónasar Jónassonar deildarstjóra og ræddi við hann. En það fór fyrir mér eins og nafna hans frá Hriflu, er hann réð sænskan mann til þess að skrifa sögu Samvinnuhreyfingarinnar á Íslandi. Þegar Jónas fékk handritið í hendurnar, þá skrifaði hann formála, sem varð heldur lengri en saga Svíans. En viðtalið við Jónas Jónasson bíður því næsta sunnudags.

Flatey...EU-168

Guðlaugur K. Jónsson TF8GX



Norbert LX1NO, hafði samband við mig í sumar og sagði mér að Flateyjarferð væri ofarlega í hans huga. Norby og konan hans Manuela LX2LX, fóru með mér til eyja 1999. Eftir að hafa farið til Vestmannaeyja síðustu 3 ár

fannst mér kominn tími til að breyta til. Leist mér vel á tiltækið og sagði manager mínum ON4CAT (Tiny) frá þessu og bauð henni að koma með, hún varð þetta líka ánægð að fá að koma upp á klakann í fyrsta skiptið, (hún var fyrsta konan sem hafði opererað frá Líbyú í 20 ár, hún var eina viku hjá Abubaker 9A1A, sem við þekkjum margir).

Jæja, þá var bara að gera klárt, Norby ætlaði að koma með ICOM 706 + Ameritron 500W mobile magnara, og Konuna plús tengda pabba og mömmu. Tengda pabbinn er DL8DXL, alveg ultra fínn náungi.

Ég hafði búið til 9 metra turn úr 2" og 1 1/2" rörum sem ég hafði notað í Vestmannaeyja ferðir svo að það mál var leist, á hann hafði ég TH3Mk4, 3 elementa, 3 banda yaga, sem er mjög meðfærilegur og auðveldur í uppsetningu. Þá pantaði ég með hraði 8 banda vertical GAP-TITAN, pantaði hann á föstudegi og það var bankað upp hjá mér á mánudegi! Hann var kominn!! Yaesu G-450A rótor fór á turninn, Yaesu FT-707, sem back up stöð, en Kenwood TS-950SD sem aðalstöð, og síðan Ameritron AL-811 til að það heyrir í okkur.

Tíminn leið hratt, og innan skamms voru DL8DXL, LX1NO, +XYL's hjá mér og þann 11 sept. kom

ON4CAT, sá dagur gleymist seint (World trade center).

Ég hafði keypt toppgrind á Honduna (ekki var hægt að setja 2 loftnet + turn inn í bílinn) og Subaru Legancy bílaleigubíl hafði ég fengið fyrir Norby, svo að það var strax farið að hlaða bílana, því að það átti að leggja á stað kl. 06:30 um morguninn.

Lagt var á stað nákvæmlega 06:30 að morgni 12 sept. og við byrjuðum að láta farangur út í Reykjavík, þar sem XYL's ætluðu að vera þessa viku



(eðlilegt að þær vildu hvíla sig á þessum vitleysingum) síðan var brunað til Stykkishólms, við vorum komin 20 mínútum fyrir brottför og mikið stress í gangi (höfðum lent í einhverjum vega framkvæmdum áður en við komum að heiðinni, og það tafði okkur).

Jæja, við náðum ferjunni og vorum komin um borð eftir að hafa látið allt dótið í lítinn gám sem yrði hífdur upp á bryggju á Flatey. Siglingin gekk vel, enda ljómandi veður á leiðinni, ég minnti Norby á

Vestmannaeyja siglinguna 1999 og hann varð föstur í framan og missti alla matarlyst (kvikindi getur maður verið).

Dáðumst við að útsýni og eyjum, og reyndu "útlendingarnir" að sjá hvali, en ekki var mikið um þá. Benti ég þeim á einn í fjarlægð sem stökk annað slagið, og voru þeir mjög hrifnir af. (Þetta var rif sem braut annað slagið á).

Flatey birtist og fljótlega vorum við í höfn, gáminn báðum við þá að leggja varlega á bryggjuna, sem þeir gerðu, og matur og græjur komust óskemmd í land. Við höfðum haft áhyggjur af því að bera allt upp að húsinu, hvað margar ferðir við þyrftum að fara, en á bryggjunni var maður á gömlum

CQ TF desember 2001



traktor, og spurði ég hann hvort mögulegt væri að flytja fyrir okkur dótið upp að bústað, “hlaðið þið bara á kerruna“ var svarið! Það var mikill léttir að fá þessu keyrt í hlað, og lofaði hann að keyra allt til baka eftir viku! Já gestrisnina vantaði ekki í Flatey. Þá kom að uppsetningu á loftnetum, ég lét Norby og Manfred um vertikalinn og fór sjálfur í TH3Mk4, sem ég var vanur að setja saman, Tiny vildi skrúfa allar skrúfur svo að þetta gekk ljómandi, og eftir u.þ.b. 3 tíma vorum við í loftinu. Bústaðurinn var þannig að við notuðum eitt svefnherbergi niðri fyrir sjakk og stofuna sem annan sjakk, Norby og Manfred voru í svefnherberginu og notuðu kallmerkið TF/LX9EG/p, en ég og Tiny vorum í stofunni og notuðum TF4RX.

Fyrsta vandamálið kom í ljós þegar Tiny ætlaði að kveikja á fartölvunni sinni, hún var stein dauð! Eftir að hafa athugað spennubreytinn, var það nokkuð ljóst að TF4RX loggurinn yrði HANDSKRIFAÐUR

Fljótlega komumst við að því að við trufluðum hvort annað, svo að Norby varð að vera á 10m og ég á 20 til að mögulegt væri að operera báðar stöðvar. Ekki var þetta svo gott, qrm frá Norby upp að 6-7 á mæli, svo að við tókum upp á því að

skiptast á með stofugræjunna, TF4RX í 2 tíma, síðan TF/LX í 2 tíma, og gekk það ágætlega. Í frítímum var hægt að labba um eyjuna og fara aftur í tímunn, því flest húsin eru byggð á bilinu 1850 til 1950!

Fór ég að sofa um 02:00 og lét Tiny eftir að sjá um JA's og VK's sem kölluðu að krafti. Er ég fór á fætur um 09:00 var frekar dauf hljóðið í liðinu, og þegar ég fór að athuga hvers vegna þá var það AL-811 sem var steindauður! Tiny hafði verið að skipta milli banda og gleymt magnaranum. Ég reif hann í sundur meðan ég borðaði morgunmatinn og sá hvað hafði bilað, og varahlutinn átti ég til heima í Keflavík!

Ég ákvað að ég tæki ferjuna heim síðdegis og kæmi aftur með morgun ferjunni, sem þau samþykktu með tærin í augunum. Heimferðin gekk vel, utan svarta þoku á heiðinni. Ég renndi ég beint inn í ÍRA og náði á strákuunum áður en þeir lokuðu. Ég hafði bjallað í Sæla TF3AO og sagt að ég væri á leiðinni til að fá lánaða filterana sem ÍRA ætti. Filterana fékk ég að sjálfsögðu, og skammir frá TF3HP fyrir að hafa ekki beðið þá um coax, (ég var í vandræðum með coax fyrir ferðina). Þetta þykir mér sýna vel góðan félagsanda sem er ávallt að finna innan ÍRA.

Heim fór ég og kyssti konuna sæl og bless, ég var farinn aftur þegar hún vaknaði. Ferðin til baka gekk ljómandi, og biðu þau eftir mér á bryggjunni við lendingu. Eftir ½ tíma var AL-811 kominn í lag, og filterar á báðar stöðvar, en enn þurftum við að vera á 10 og 20m. Við færðum vertikalinn lengra frá og þá var mögulegt að operera á 20m og 10m, en ekki saman á 15m og 20m. (15 m filterinn hjá ÍRA var nefnilega bilaður).

Þá datt mér í hug að rífa spennubreytinn við tölvuna og lóða hann saman aftur. Og viti menn, tölvan fór í



gang og virkaði fínt, mikill gleðidans var stiginn og hefðum við sennilega skotið upp flugeldum af tilefninu ef við hefðum haft einhverja.

Allt gekk nú fínt, ég sá um matargerð og lét Norby blása glæðum í grillið, (grillvökvinn var nefnilega fljótt búinn, því við höfðum notað of mikið af honum í ofninn í stofunni). Ofninn í stofunni var bara einn víðarofn, ekkert annað! Síðan voru litlir rafmagnsofnar í hverju svefnherbergi (sem sagt 2 ofnar). Til að halda hita á okkur varð að kynda ofninn í stofunni. Nóg var að eldviði í skúr sem var við hliðina á bústaðnum, og hellingur af gömlum símaskráum sem við notum við að kynda. Ég svaf á svefnloftinu, og ef mikið var kynnt þá var hitinn uppi um 40 gráður.

Stundum dó í ofninum ef ekki var fylgst með, og man ég einn morguninn er ég kom niður rennandi sveittur og Tiny ljómaði öll af ánægju og sagði “WOMAN CAN MAKE FIRE” (eins og ég vissi það ekki). Sagði ég þá við hana “NO BIG DEAL MAN CAN MAKE WEEL”. Varð úr þessu heljar mikið grín, og veltumst við oft um úr hlátri af öllu saman það sem eftir var af dvölinni.

Framhald í næsta blaði.

73 Gulli, TF8GX.

Keppni/Contest

Ársæll Óskarsson TF3AO



Síðustu mánuði hefur TF3IRA ekki tekið þátt í mörgum “contestum”.

Einna helst ber að minnast CQ WW SSB keppinnar sem fram fór 27. og 28. október s.l. Þrátt fyrir að erfitt væri að manna stöðina var árangur viðunandi. Það var einna helst

undirritaður bæri hita og þunga keppinnar á herðum sér, en af 3160 samböndum, tel ég mig hafa innbyrt á milli 2700-2800 af þeim samböndum. Þeir aðrir sem komu eitthvað að þátttökunni voru TF3VS, TF3VG og OH6ZH. Aðrir sem höfðu gert ráð fyrir að taka þátt áttu ekki heiman gengt vegna vinnu, anna og veikinda. Tilefni þátttöku Matta, OH6ZH, var að hann hefur verið hér við vinnu fyrir Orkuveitu Reykjavíkur, og hafði sent okkur tölvupóst fyrir í haust og spurst fyrir um hvort möguleiki væri á að hann gæti fengið að vera með okkur. Hann gerði ráð fyrir að geta verið svo til alla helgina, en á daginn kom að hann gat aðeins verið hluta aðfararnætur sunnudag.

Mér finnst alveg ótrúlegt að yngri mennirnir í okkar félagi, finni ekki hvöt hjá sér til að vera með í keppnum af þessu tagi. Ég er nú ekki búinn að stunda þetta í fjölmörg ár, en ég held bara að ég fái meira “kikk” útúr þessu heldur en t.d. að keyra bíl á öðru hundraðinu. En kannski er það bara svo að menn fái útrás í einhverju öðru.

Nú, en aftur að CQ WW SSB. Stigagjöfin og skipting sambanda hefur þegar komið fram á heimasíðunni okkar svo ég ætla ekki að tíunda það hér, nema bara rétt að við náðum 1829454 stigum. Aftur á móti ætla ég að koma með lista yfir sérstök kallmerki (lönd), og hvenær var haft samband.

Kallm.	Land	Band	Kl.	Dags.	
A50A	Bhutan			15M	11:12 27.10
ZL	Nýja Sjáland			10M	02:08 27.10
ZL	Nýja Sjáland			10M	01:16 28.10
VK2	Ástralía			10M	01:10 28.10
VK7KHZ	Tasmanía, Ástralía			15M	09:32 28.10
HC8	Galapagos			15M	11:38 27.10
ZX0F	Fernando de Noronha			10M	14:00 27.10
ZX0F	Fernando de Noronha			20M	02:30 28.10
ZX0F	Fernando de Noronha			15M	16:49 28.10
FG	Guadeloupe			10M	20:51 28.10
FG	Guadeloupe			20M	02:56 28.10
FG	Guadeloupe			15M	20:49 28.10
FP	St. Pierre & Miquelon			20M	20:35 28.10
OX	Grænland			20M	20:34 28.10
VP	Anguilla			20M	20:31 28.10
T88	Palau			20M	19:43 28.10
XP1AB	Grænland			15M	18:33 28.10
BA	Kína			10M	10:12 27.10

Ekki veit ég ennþá hvar við lentum, en ég hafði tal af JW5E og þeir kvörtuðu mikið yfir lélegum skilyrðum og hafa líklega farið verr útúr “aurorunni” heldur en við. Vonast ég því eftir að við höfum lent í 1. sæti í M/S floknum í Zone 40.

Nú af öðrum keppnum undir merkjum félagsins fer ekki neinum sögum, við tókum ekki þátt í SAC keppnunum þetta árið, enda allt loftnetlaust í Þróttheimum á þeim tíma. Sjálfur hef ég aðeins verið að taka þátt í RTTY keppnum uppá síðkastið, með misjöfnum árangri. Í ANARTS keppninni 10. júní hafði ég 88 sambönd, í SCCC keppninni 26. ágúst hafði ég 86 sambönd, í CCCC keppninni 1. sept. hafði ég 30 sambönd, í CQ WW RTTY keppninni 30. sept. hafði ég 108 sambönd, í JARTS keppninni 21. okt. hafði ég 162 sambönd og í WAE RTTY keppninni hafði ég 449 sambönd.

Félagið hefur nú fjárfest í keppnishugbúnaði sem kenndur er við RCK, en SSB hlutinn af honum innifelur í sér “páfagauk” sem notast við hljóðkort. Reyndist hann vel í CQ WW, nema hvað að tölvan sem við erum með í láni frá TF3VS, er heldur hægvirki (133Mhz) fyrir forritið, sérstaklega þegar mörg sambönd eru komin í logginn. Ef einhver félagi okkar getur séð af hraðvirkari tölvu til nota í félagsheimilinu væri það vel þegið.

Gott í bili, en endilega ef þið hafið áhuga á að taka þátt í keppnum, látið undirritaðan eða aðra stjórnarmenn vita. Og munið: T-leyfishafar hafa undanþágu til að taka þátt í keppnum á klúbbstöðinni.

73 de TF3AO

335. DXCC Landið

IARU hefur tilkynnt að “The Pitcairn Island Amateur Radio Association, PIARA” hafi verið samþykkt sem IARU aðili frá og með 16. nóvember 2001.

Þetta verður til þess að Pitcairn Islans þ.e. Pitcairn, Henderson, Ducie og Oeno eyjar eru álitnar “Political Entity” samkvæmt DXCC. Ducie eyja sem er aðskilin frá Pitcairn með meira en 350 km. telst þar með nýtt DXCC land. ARRL hefur þar með ákveðið að sambönd við Ducie eyju (IOTA OC-182, CQ zone 32, ITU zone 63) verði gild fyrir DXCC frá og með 16. nóvember 2001.

Heimild 425 DX News

IARU Region 3 HF Bandplan

Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS

Region 1 Afríka, Evrópa, fyrrum Sovét lýðveldin, Miðausturlönd (að frátöldu Íran) og Mongólía.

Region 2 Norður og Suður Ameríka þar með talið Hawaii, Johnston og Midway eyjar.

Region 3 Það sem eftir er af Asíu og Oceaníu.

1800 - 1830 CW
1830 - 1834 RTTY, CW, DX
1834 - 1840 CW
1840 - 2000 Phone,

18068 18100 CW
18100 18110 NB, CW
18110 - IBP
18110 - 18168 Phone, CW

3500 - 3510 DX, CW
3510 - 3535 CW
3535 - 3775 Phone, CW
3775 - 3800 DX Phone, CW
3800 - 3900 Phone, CW

21000 - 21070 CW
21070 - 21125 NB, CW
21125 - 21149.5 CW
21149.5 - 21150.5 IBP
21150.5 - 21335 Phone, CW
21335 - 21345 SSTV, Phone, CW
21345 - 21450 Phone, CW

7000 - 7025 CW
7025 - 7030 NB, CW
7030 - 7040 NB/Phone, CW
7040 - 7100 Phone, CW
7100 - 7300 Phone, CW - (see footnote 5).
This segment is allocated on a secondary basis to amateur service in Australia and New Zealand

24890 - 24920 CW
24920 - 24929 NB, CW
24930 - IBP
24931 - 24990 Phone, CW

10100 10140 CW
10140 10150 NB, CW
(Secondary)

28000 - 28050 CW
28050 - 28150 NB, CW
28150 - 28190 CW
28190 - 28200 IBP
28200 - 28300 CW
28300 - 28675 Phone, CW
28675 - 28685 SSTV, Phone, CW
28685 - 29300 Phone, CW
29300 - 29510 Satellite, CW
29510 - 29700 WB (6KHz), CW

14000 14070 CW
14070 14099,5 NB, CW
14099,5 14100,5 Beacons
14100.5 14112 NB, Phone, CW
14112 14225 Phone, CW
14225 14235 SSTV, Phone, CW
14235 14350 Phone, CW

Þar með líkur þessari samantekt á IRAU HF bandplönun.

Ritstj.

Athugasemdir

1. CW er leyft á öllum tíðnum en þó eingöngu þar sem það er sýnt.
2. Með DIGIMODE er átt við digital mótanir eins og RTTY, AMTOR og PACKET einnig PACTOR og CLOVER.
3. NB (narrow band) felur í sér allar digital mótanir.
4. RTTY felur í sér allar digital mótanir.
5. Sumar tíðnir gætu verið bannaðar í ákveðnum löndum eða gætu verið samnýttar þar sem amatörar gætu verið annarsflokks notendur

Gjaldkeri minnir á félagsgjöldin

Fundargerðir stjórnarfunda

Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS



Stjórnarfundur í ÍRA haldinn að Gunnarsbraut 36 þ. 11. 9. 2001 kl. 20:30. Allir stjórnarmenn mættir.

1. Formaður greinir frá því að búið sé að panta fundarsal í Þróttheimum sitt hvort kvöldið í september og október og hafi starfsfólk staðfest pöntunina. Næst á döfnni er fyrirlestur Ara Ólafssonar eðlis-fræðings um resónans, en í október verður erindi TF3MA um reiknilíkon fyrir loftnet.

2. TF3AO segir að hörmulegt ástand sé á Force-12 loftnetinu, sé það oft fast í botni og verði augljóslega að taka niður til viðgerða. Tók hann að sér að safna liði og ráðast í framkvæmdir.

3. Vefsíða ÍRA er nú komin í gagnid á léninu www.ira.is Vefstjóri TF5BW hefur umskrifað allann vefinn með nýju útliti og þykir hafa tekist prýðilega til.

4. Fyrirspurn hefur borist frá TF3DC hvort ÍRA geti staðið fyrir því að útbúið verði “sett í poka” til þess að smíða úr kristallsviðtæki. TF3VS tók málið að sér og ætlar að athuga hvaða möguleikar eru til staðar og hvort viðráðanlegt verð yrði.

5. Gjaldkeri er búinn að tala við Landsbankafólk, innheimtuseðlar er nú tilbúnir til sendingar og verða sendir út á allra næstu dögum.

6. Undirbúningsnefnd fyrir NRAU fund er að störfum. Nokkrir fundir hafa verið haldnir og er verið að kanna möguleika og kostnað við fundarsali og gistingu.

7. Rætt um amatörpróf og námskeið. Ekki er talinn grundvöllur í haust til að halda námskeið, en lítil spurn hefur verið eftir því að þessu sinni. Ákveðið að bíða fram eftir hausti eða fram á vetur með ákvörðun í þeim efnum, og safna á lista þeim sem gefa til kynna áhuga á þátttöku.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi var slitið um kl. 22:30

Fundargerð ritaði TF3VS

Stjórnarfundur í ÍRA haldinn að Gunnarsbraut 36 þ. 2. 10. 2001 kl. 20:30.

Mættir voru: TF3HP, TF3AO, TF3VS, TF3GB og TF3VG

1. Beiðni liggur fyrir stjórnarfundum um að sótt sé um og mælt með B-leyfi fyrir TF3VG, þegar A-leyfistíma hans lyki, og lagði hann fram stöðvar-dagbók af því tilefni. Hefur hann haft 238 sambönd til þessa við alls 48 lönd. Samþykkt að mæla með og

2. TF3GB tjáði fundinum að körfubíll yrði til staðar á laugardag til að koma loftneti fyrir í turninum. TF3FK hefur gert við loftnetið og TF3AX rótorinn. Verður allur frágangur annar en framleiðandinn ætlast til, tengjum verður lokað og þau gerð vatnsheld og tengingar verða þá í vatnsheldu tengiboxi.

3. Samþykkt að boða til vinnudags í Þróttheimum nk. laugardag. Eldhúsinnrétting er komin á staðinn ásamt málningu og er ekki eftir neinu að bíða með frágang á eldhúskróki. Ritara falið að senda tilkynningu á netið.

4. Formaður lagði fram bréf til Póst og fjarskipta-stofnunar, þar sem kvartað er yfir framtaksleysi stofnunarinnar varðandi endurskoðun reglugerðar um radíóamatöra, og jafnframt er beðið um við-ræðu og vinnufund. Samþykkt einum rómi.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið um kl. 22:00

Fundargerð ritaði TF3VS

Stjórnarfundur í ÍRA haldinn að Gunnarsbraut 36 þ. 6. 11. 2001 kl. 20:30.

Allir stjórnarmenn mættir.

1. Rætt um undirbúning NRAU fundar á Íslandi á næsta ári. Nokkrir undirbúningsfundir hafa verið haldnir með TF3KB, alþjóðatengli félagsins. Illa gengur að finna tíma sem hentar öllum aðildarfélögum, en Danir eru með afmælisfund vegna 75 ára afmælis EDRA, sem haldinn verður á svipuðum tíma og fundurinn hefur verið haldinn. Svíar eiga óhægt um vik fyrri hluta sumars. TF3KB reynir að koma öllu heim og saman.

2. TF3IRA tók þátt í síðustu CQ WW SSB keppni, en keppnishaldið mæddi mest á TF3AO. Tækin stóðu sig hið besta, loftnet og rótor nýuppgerð og magnari sló ekki feilpúst. 3160 sambönd náðust og gáfu þau um 1.850.000 stig.

3. Nokkrar framkvæmdir hafa verið undanfarið í Þróttheimum, hafa amatörar standsett eldhúskrók og er því að mestu lokið. Ákveðið var að taka næst fyrir fjarskiptaherbergi og m.a. skipta um stöðvar-borð. Helst þyrfti að halda vinnudag aftur og tengja þá m.a. ljós á gangi og fl.

4. Finnska amatörafélagið á afmæli um þessar mundir, samþykkt að senda þeim árnaðaróskir.

5. TF3AO lýsti áhyggjum af því hve tímarit hverfa mikið úr félagsheimilinu, einkanlega þau sem eru á ensku máli. Var ákveðið að festa upp auglýsingu og hvetja þá sem hafa haft þau á brott að skila þeim hið bráðasta.

Fleira var ekki tekið fyrir og lauk fundi um kl. 22

Fundargerð ritaði TF3VS

CQ TF desember 2001

Úr ýmsum áttum

Brynjólfrur Jónsson TF5BW

Leiðréttingar á félagatali.

Sveinn Guðmundsson er ranglega sagður vera með kallmerkið TF3S en er að sjálfsögðu með kallmerkið TF3T

Kristþór B. Helgason TF3TF er með símanúmerið 566-7226 en ekki 566-7266.

Tölvu Atlas fyrir radióamatöra.

DX Atlas 1.1 er deilihugbúnaður sem fánlegur er á slóðinni <http://www.dxatlas.com>.



Forritið kostar um 30 bandríska dali og hefur ýmsa möguleika sem gætu verið sniðugir fyrir radióamatöra. Það getur sýnt CQ og ITU Zona, gráður, gridreiti, grayline, borgir, lönd, eyjur svo eitthvað sé talið.

Heimild QTC Amatörradio

DXCC

Frá og með 2. júlí 2001 er fánlegt sérstakt DXCC award fyrir 12 metra. Nánari upplýsingar er að finna á <http://www.arrl.org/awards/dxcc>.

Heimild Amatör Radio

Í loftið á HF gegnum Internet fjarstýringu

Á blaðsíðu 47 í nóvember hefti QST er að finna áhugaverða grein um þetta fyrirbæri. Á þessu virðist vera vaxandi áhugi, sérstaklega hjá þeim sem búa á stöðum það sem uppsetning loftneta og turna er vandamál, Nánari upplýsingar er að finna á <http://www.lamonica.com>.

Heimild QST

HamAlyzer

Nokkurskonar digital audio spectrum analyzer. Þetta er deilihugbúnaður og virkar í 10 daga en þá verður að kaupa leyfi fyrir USD 25.00. nánari upplýsingar eru á <http://www.HamAlyzer.com>.

Heimild QST

CQ TF desember 2001

The Art and Skill of Radio Telegraphy

Það þarf að vekja athygli þeirra sem eru að kenna cw a ÍRA námskeiðum á því að "Sound-Alike" aðferðin er kannski ekki besta lausnin. Ég er nýbúinn að kaupa NU Morse Professional sem hefur möguleika á "Koch" aðferðinni sem virðist vera rétta leiðin. Á vefslóðinni

<http://www.qsl.net/n9bor/n0hff.htm>

er hægt að ná sér í bókina "The Art and Skill of Radio Telegraphy" í PDF eða Word formi eða lesa hana á netinu á netinu.

73 de 4W6MM/TF3MM

Endurvarpar

Endurvarpi er aftur kominn á Búrfell og er hann með kallmerkið TF1RPE. Eftirfarandi upplýsingar eiga við þennan endurvarpa.

145.100Mhz RX / 145.700Mhz TX QSA: 30 W. Locator: IP04CB. Staðsetning: 64°04"30N - 19°49"19W QTH: Búrfell 546 metra hátt fjall á suðurlandi.

Skipt hefur verið um tíðnir í endurvarpanum á Rjúpnahæð, TF3RPC. Nýjar tíðnir eru eftirfarandi 145.150Mhz RX / 145.750Mhz TX

Lárus Hjalti Ásmundsson Fæddur 16. janúar 1981 Látinn 17. nóvember 2001

Látinn er langt fyrir aldur fram einn af yngri félögum ÍRA og Radíóskáta. Lárus Hjalti, sem hafði mikinn áhuga á fjarskiptum, gekk mjög ungur að árum til liðs við bæði félögin. Lárus var einn þeirra sem alltaf var boðinn og búinn að koma til að aðstoða við það sem gera þurfti. Glaðvær atorkusamur unglingur sem breytist í dugmikinn ungan mann.

Slysin gera ekki boð á undan sér. Lárus Hjalti var í góðra vina hóp upp á jökli við æfingar. Á einni örskotsstundu gerist það að hann fellur ofan í sprunguna sem notuð hafði verið til æfinga allan daginn og lætur lífið samstundis. Að leiðarlokum þökkum við Lárusi fyrir samveruna og vottum unnustu hans, foreldrum, öðrum aðstandendum og vinum hans okkar dýpstu samúð.

Fyrir hönd Íslenskra Radíóamatöra
og Radíóskáta
Vala Dröfn Hauksdóttir TF3VD

Flatey EU-168



CQ TF kemur næst út í byrjun febrúar 2002.



CQ TF

ER FÉLAGSBLAÐ ÍSLENSKRA RADÍÓAMATÖRA